BÆKUR

Kína í þrívídd

Rót nefnist ný bók um Kína eftir Línu Guðlaugu Atladóttur og er, að sögn höfundar, skrifuð fyrir Íslendinga enda brýnt að þekkja vel til þessarar merkilegu þjóðar sem gerir sig sífellt meira gildandi í samfélagi þjóðanna.

Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Umfjöllun um Kína er oft og tíðum einsleit og flöt og markmiðið með þessari bók er að aftengja svolítið kommúnistaflokkinn og pólitíkina og kynna lesendur fyrir þjóðinni sem slíkri, það er alþýðu manna. Segja má að þetta sé Kína í þrívídd," segir Lína Guðlaug Atladóttir, sem var að senda frá sér bókina Rót – Allt sem þú þarft að vita um Kína og meira til.

Í inngangi sínum að bókinni segir Lína að við þurfum að vita meira um land sem stefni að því innan örfárra ára að verða stærsta efnahagsveldi heims. „Land sem hefur nútímavæðst hraðar en nokkur önnur þjóð í heiminum. Land sem setur mark sitt á umheiminn í æ ríkari mæli hvort sem okkur líkar betur eða verr. Svo má ekki gleyma hvað sagan skiptir miklu máli. Ekki bara mörg þúsund ára menningarsagan, heldur sagan sem er svo miklu nær okkur í tíma."

– Hvenær og hvernig byrjaði áhugi þinn á Kína?

„Við hjónin komum fyrst til Kína árið 2003 til að ættleiða og sækja dóttur okkar, Söru. Það er strangt og erfitt ferli og maður er ekki túristi á meðan; markmiðið er bara að komast heim með barnið. Kvöldið áður en við flugum heim man ég hins vegar eftir að hafa horft út um gluggann á hótelinu í Beijing og hugsað með mér: Þarna úti er ótrúlega heillandi heimur sem ég verð að kynnast betur."

Gríðarlega áhugavert þjóðfélag

Fjórum árum seinna fóru þær mæðgur saman til Kína, en Sara var þá fimm ára, og eiginmaður Línu, Guðmundur Benediktsson, og sonur þeirra, Daníel, slógust seinna í hópinn. Úr varð ógleymanleg ferð. „Ég er viðskiptafræðingur að mennt og hef látið markaðs- og neytendamál mig miklu varða gegnum tíðina. Um leið og við komum út sá ég strax að Kína væri gríðarlega áhugavert þjóðfélag og mjög spennandi gerjun í gangi. Það var athafnasláttur, eins og ég kalla það í bókinni, í loftinu."

Hún segir sjálfsbjargarviðleitnina mikla í Kína og mikið um smærri fyrirtæki í bland við þau stærri. Fólk sé mjög upptekið af því að koma sér áfram í lífinu.

Kínaferðir Línu eru orðnar margar síðan og hún unnið markvisst að því að kynna sér land og þjóð. Þær mæðgur bjuggu meira að segja einn vetur í landinu, 2010-11, og Lína lagði stund á nám í Austur-Asíufræðum við Fudan-háskóla í Sjanghai. „Það var pínulítið villta austrið á þeim tíma og manni fannst eins og Kína væri á hraðri leið inn í frelsið. Síðan hefur á hinn bóginn komið bakslag með stífari reglum og harðari umgjörð undir stjórn Xi Jinping og unga fólkið orðið hræddara að segja hug sinn. Fólk er almennt meira á bremsunni nú en fyrir tíu árum og meira að spá í hvað má og hvað ekki. Þetta er ekki sú þróun sem maður átti von á en út frá því þarf nú að vinna. Við verðum hér eftir sem hingað til að finna flöt á samskiptum við þessa risavöxnu þjóð. Sjálfri finnst mér ekki rétt að útiloka samtal við ríki, jafnvel þótt það aðhyllist stjórnhætti sem eru okkur framandi. Aðeins gegnum samtalið getum við haft áhrif."

Fjölskyldan mikilvægust

Að því sögðu þá segir Lína alþýðu manna í Kína alla jafna ekki vera að velta kommúnistaflokknum og landsstjórninni mikið fyrir sér. Fólk sé meira að pæla í nærumhverfinu og fjölskyldunni sem sé Kínverjanna ær og kýr.

> *Mér fannst það vera samfélagsleg skylda mín að miðla af þekkingu minni og reynslu og nýta þessa miklu heimildaöflun mína. Fyrst datt mér í hug að halda námskeið en fann svo að það bjó í mér bók, eins og flestum Íslendingum.*

Sjálf elskar hún Kína þrátt fyrir kommúnistaflokkinn en ekki vegna hans. „Ég gef ekki mikið fyrir þetta samsafn af sjálfkjörnum rosknum körlum," segir hún og vísar í flokksforystuna. „En maður verður að bera virðingu fyrir sögunni og þekkja hana ætli maður að skilja Kína nútímans. Tilgangurinn með bókinni er að brúa menningarbilið og stuðla að auknu umburðarlyndi, án þess þó að gefa afslátt af okkar gildum."

Hún segir þjóðernisrembingi hafa vaxið fiskur um hrygg í Kína, eins og víðar, og gegn þeirri þróun verði að berjast með öllum tiltækum ráðum enda þurfi Kína á Vesturlöndum að halda og öfugt. „Það þrífst engin þjóð í efnahagslegu tómarúmi. Ég fylgist vel með ræðum ráðamanna í Kína og síðasta ræða Xi, sem var ekki nema tveir tímar að lengd, var um margt hefðbundin, lagt var að þjóðinni að gera hitt og þetta fyrir flokkinn, en það kvað líka við annan tón, eins og að Kínverjar væru opnir fyrir auknum viðskiptum við aðrar þjóðir."

Kynni hennar af Kína hafa stuðlað að aukinni lýðræðisást og trú á góð samskipti milli þjóða, heimshluta og menningarheima. „Það stendur ekki bara upp á Kína. Ég hef til dæmis vaxandi áhyggjur af Bandaríkjunum; það er margt þar sem þarf að skoða líka."

Samfélagsleg skylda

Lína hefur mikið verið í Bretlandi og bjó þar um tíma og kveðst hafa fundið mjög sterkt fyrir miklum áhuga á Kína þar, líkt og hér heima. Að sama skapi viti fólk almennt ekki mikið um þetta flókna og heillandi land og þörfin fyrir upplýsingar því brýn. Hún fann því hvað til síns friðar heyrði. „Mér fannst það vera samfélagsleg skylda mín að miðla af þekkingu minni og reynslu og nýta þessa miklu heimildaöflun mína. Fyrst datt mér í hug að halda námskeið en fann svo að það bjó í mér bók, eins og flestum Íslendingum," segir hún hlæjandi.

Hún er búin að vinna að Rót meira og minna í átta ár. „Bókin hefur tekið breytingum á þessum tíma og ég bætt við efni og endurskrifað eftir þörfum og satt best að segja er ég fegin að hún kom ekki út fyrr enda hafa aðstæður breyst mikið á þessum tíma, ekki síst á síðustu tveimur árum."

Lína og Guðmundur gefa bókina sjálf út í gegnum eigið forlag, Observant Press. „Ég vildi stjórna þessu verkefni að fullu sjálf og ekki lúta annarri ritstjórn. Þannig væri ábyrgðin að fullu mín. Eins og ég sé það þá er þetta bæði bók sem lesa má í einni lotu eða láta hana liggja á stofuborðinu og grípa í kafla og kafla. Þetta á að vera ákveðin upplifun fyrir lesandann. Ég hef verið vakin og sofin yfir þessu verkefni árum saman og stundum vaknað um miðja nótt með hugmyndir."

Hún brosir.

Athygli vekur að útgáfa bókarinnar er kolefnisjöfnuð í samstarfi við prentsmiðjuna á Ítalíu. „Við erum búin að gróðursetja fjallaþin á Norðausturlandi og keyrum allar bækur út í búðir á höfuðborgarsvæðinu og víðar á rafbíl. Það hefur einmitt verið mjög gefandi að koma í verslanirnar og við hitt marga, ekki síst ungt fólk, sem er upprifið yfir þessari nálgun okkar. Áhuginn á efni bókarinnar hefur einnig verið mikill en ég hef gefið mér tíma til að segja starfsfólki verslananna aðeins frá henni."

Lína Guðlaug Atladóttir segir það samfélagslega skyldu sína að miðla af þekkingu sinni og reynslu frá Kína.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Nýtt listasafn í Norðvestur-Kína. Í Kína hafa stórkostleg listasöfn risið á ljóshraða. Sum á frekar sérkennilegum stöðum eins og MOCA-samtímalistasafnið í Yinchuan þaðan sem myndin er.

Það er spurning hvor er glæsilegri, lúxushandtaskan eða „íslenski" lundinn. Kína er stærsti lúxusmarkaður í heimi.

Það hriktir í stoðum fasteignageirans í Kína þar sem hvert stórfyrirtækið af öðru í byggingarverktöku hefur lent í greiðsluerfiðleikum. 550 milljónir hafa flutt úr sveitinni á mölina á ótrúlega skömmum tíma.

Brúðkaupsiðnaðurinn í Kína hefur vaxið margfalt síðasta áratug og vestrænar hefðir verða æ fyrirferðarmeiri. Brúðkaupsmyndirnar eru oft teknar með ársfyrirvara og jafnvel víða um heim, meðal annars á Íslandi. Myndirnar eru síðan sýndar á stórum skjá í sjálfu brúðkaupinu.

Mörg minni þjóðarbrot búa í Kína. Hui-Kínverjar í Norðvestur-Kína eru af múslimskum uppruna. Þessi glaðlegi verkamaður í vínræktinni í Ningxia er á kafi í haustverkunum rétt áður en nístandi vetrarkuldinn skellur á.

Ljósmyndir/Lína Guðlaug Atladóttir

Fulltrúar yngri og eldri kynslóðarinnar í nýja Disneyland-garðinum í Sjanghai. Skemmtigarðurinn hefur slegið í gegn hjá Kínverjum eins og öðrum heimsbúum. Fjölmargir hafa hins vegar eytt meiri tíma undanfarið í Disney-garðinum en til stóð þegar skellt hefur verið í lás ef upp hafa komið Covid-smit. Núllstefna kínverskra stjórnvalda í Covid-málum er umdeild og íbúarnir lokast inni á stórfurðulegum stöðum.

Alls ekki ólíkir okkur

– Hvernig fólk eru Kínverjar? Eru þeir á einhvern hátt líkir okkur?

„Öfugt við það sem margir halda eru Kínverjar á margan hátt ótrúlega líkir okkur Íslendingum og til dæmis mun líkari okkur en Bretar, sem eru miklu kassalagaðri. Ég hef aldrei fengið leiðinlegar móttökur í Kína; manni er alltaf tekið opnum örmum og ekki spillir fyrir ef maður kann eitthvað smá í kínversku. Þá opnast allar dyr," segir hún brosandi. „Hafi eitthvað gleymst eða vantar þá er því bara bjargað án þess að fólk fari á límingunum. Þetta reddast-viðhorfið er nefnilega ekkert síður kínverskt en íslenskt. Þegar ég kom fyrst til Kína hélt ég líka að allir væru svo kurteisir og færu í röð en annað kom á daginn; á flugvellinum á leið heim munaði minnstu að ruðst væri yfir dóttur okkar. Tekið var sérstaklega á þessu fyrir Ólympíuleikana 2008 og Kínverjar æfðu sig að fara í röð. Þeir eru alls ekki eins skipulagðir og fólk heldur og oft og tíðum meira fyrir skyndiákvarðanir en langtímaákvarðanir. Svo fara þeir stundum fram úr sér, eins og við Íslendingar. Og eru á seinustu stundu með sumt."

Hún hlær.

Lína segir stéttaskiptinguna gríðarlega í Kína og mikinn mun á landsbyggðinni og borgum. Fátæktin sé víða mikil úti á landi og staða þeirra sem eru nýfluttir á mölina oftast bág og réttindi af skornum skammti. „Það er fámennur hópur með mjög háar tekjur og svo risastór hópur sem rétt skrimtir. Þjóðarandinn einkennist hins vegar af bjartsýni og fólk togar sig áfram á henni; trúir því að bjartari tíð sé fram undan."

Ekki von á miklum breytingum

Lína kveðst með hverri ferðinni til Kína verða meira vör við vestræn áhrif, það á bæði við um matarmenningu, en margar helstu keðjur hafa haslað sér völl eystra, og klæðaburð, sem verði vestrænni með hverju árinu. Nútímavæðingin er sum sé í algleymingi og Lína bendir á í bókinni að Kínverjar dragi alla jafna ekki lappirnar. Iðnvæðingin, sem tók tvær aldir á Vesturlöndum, hafi til dæmis ekki tekið nema þrjá áratugi í Kína.

– Þú talar um bakslag á umliðnum árum hvað viðkemur frelsi þjóðarinnar. Hvernig sérðu nánustu framtíð fyrir þér?

„Ég á því miður ekki von á miklum breytingum á næstu árum, alla vega ekki meðan Xi er við völd. Völd hans hafa jafnt og þétt verið að aukast og hann búinn að raða sínum mönnum í kringum sig; skipta út hæfileikum fyrir hollustu í mörgum tilvikum. Á móti kemur að ég er ekki viss um að unga fólkið í landinu komi til með að láta þetta lengi yfir sig ganga; það er framsækið og hefur fengið nasaþef af frelsinu og þessi stefnubreyting gengur því gegn hagsmunum þess. Unga fólkið vill komast í nám erlendis, vera með eigin rekstur og þar fram eftir götunum. Margir eru úrræðagóðir og komast þannig fram hjá eldvarnarveggjum stjórnvalda en einhvern tíma hlýtur fólk að fara að sækjast eftir meira athafnafrelsi, málfrelsi og öðru slíku."

Ekki rætt um mannréttindi

Kínversk stjórnvöld hafa gegnum tíðina verið gagnrýnd harðlega fyrir mannréttindabrot, gegn gagnrýnendum sínum og minnihlutahópum á borð við úígúra. Lína segir almenning í landinu ekki ræða þessi mál og erfitt sé að átta sig á afstöðu manna. „Eins og ég gat um áðan er fókusinn fyrst og fremst á fjölskylduna og nánasta umhverfi. Fólk skiptir sér ekki svo mikið af öðrum. Enda hefur margsýnt sig að við ofurefli er að etja."

Covid-stefna stjórnvalda hefur verið umdeild enda þyngjandi fyrir almenning í Kína. Þannig náði Lína á dögunum tali af vini sínum í Sjanghai sem var á 72. degi í einangrun enda þótt enginn væri veikur eða með einkenni veirunnar á heimilinu. „En þessu verður fólk bara að hlíta enda býður þjóðfélagið ekki upp á annað."

Lína er bjartsýn manneskja að eðlisfari og ber þá von í brjósti að á endanum verði kínverska þjóðin frjálsari en raun ber vitni í dag. Það velti þó ekki síst á því hver taki við af Xi sem orðinn er 69 ára gamall. „Ekkert er eilíft og menn gleyma því oft að Kína var lýðveldi frá 1912 til 1949. Þannig að þetta getur breyst hratt."